



Lagabreytingartillögur 2008

Breytingartillaga 1

Í nágildandi lögum:

2.1 Til að gerast félagi þarf viðkomandi að vera minnst 8 ára og fá skriflegt leyfi foreldra eða forráðamanna, ef viðkomandi er yngri en 18 ára.

Breytingartillaga:

2.1 Til að gerast félagi þarf viðkomandi að vera minnst **7 ára** og fá skriflegt leyfi foreldra eða forráðamanna, ef viðkomandi er yngri en 18 ára.

Rökstuðningur:

Nýja skátadagskráin gerir ráð fyrir því að skátastarf hefjist við 7 ára aldur og því er alveg rétt að breyta þessu hjá okkur.

Breytingartillaga 2

Í nágildandi lögum:

3.9 Foringjaráð félagsins skal skipað deildar- og sveitar- og aðstoðarsveitarforingjum auk eins fulltrúa stjórnar. Foringjaráð getur boðið öðrum setu á einstökum fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Fyrsti fundur foringjaráðs skal haldinn eigi síðar en 1. september. Þar skal ráðið kjósa sér formann, ritara og siðameistara. Ritarinn gegnir störfum formanns í forföllum hans auk þess að rita fundargerðir. Siðameistari ber ábyrgð á siðum og venjum í skátastarfinu og er öðrum til aðstoðar í þeim efnum.

Breytingartillaga:

3.9 Foringjaráð félagsins skal skipað deildar- og sveitar- og aðstoðarsveitarforingjum auk eins fulltrúa stjórnar. Foringjaráð getur boðið öðrum setu á einstökum fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Fyrsti fundur foringjaráðs skal haldinn eigi síðar **en viku fyrir upphaf starfsárs**. Þar skal ráðið kjósa sér formann, ritara, **fræðslustjóra** og siðameistara. Ritarinn gegnir störfum formanns í forföllum hans auk þess að rita fundargerðir. Siðameistari ber ábyrgð á siðum og venjum í skátastarfinu og er öðrum til aðstoðar í þeim efnum. **Fræðslustjóri ber ábyrgð á því að upplýsa foringjaráð um öll þau námskeið sem standa til boða ásamt því að útbúa fræðsluáætlun félagsins.**

Rökstuðningur:

Okkur finnst ekki rétt að fyrsti foringjaráðsfundur sé fastur við ákveðna dagsetningu heldur viljum við að halda skuli foringjaráðsfund a.m.k. viku fyrir upphaf starfsárs.

Fræðslustjóri hefur verið starfandi í Hraunbúum undanfarin 2-3 ár. Okkur finnst rétt að koma því hlutverki inn í lög og skilgreina starf hans.

Smári Guðnason
Erna Mjöll Grétarsdóttir
Hreiðar Sigurjónsson